

## Kvöldgöngutúrinn

... nú þegar það dimmir...

Hinn rjóði sólarkóngur, gullmynt dagsins!  
Þú snertir mig, og húð mín verður sjónhimna  
og hryggur sjóntaug; holdið skelfir  
heillað af gullstraum sem þú hellir yfir  
hafið og borgina – og ég er blindaður!  
Hér stóðu áður (en þó standa enn)  
stræti og hús – og þó af annari borg,  
ekki þeirri sem þú hefur ummyndað.

Við röltum niður hafnargötuna.  
Fiskimenn undirbúa báta sína fyrir næturtúr,  
Vélarnir fnæsa, lyktar á framstöfnum.  
En bograrbúar allir í göngutúr,  
ástarpör leiðast, unglingspiltar slæpast,  
mæður og feður, krakkar að fá sér ís,  
og gamlir menn við borð í götukaffihúsum,  
og dimmandi hólar þokast nær einsog blíð dýr.

Kvöldróði sæll, sem hvílir á hólunum og flóanum!  
Nú snertir höndin þín mína, einsog af tilviljun,  
og líkist snertingu ungrar stúlkunnar sem gengur mér við hlið  
með þungar mjaðmir, smá skref og svífandi göngulag;  
svört slegið hár, og mjúkan háls og axlir,  
sólbrún er hún, og móbrún augun hlæja.  
Titrandi ljós, ég drekk þig inn í mig,  
eins og vín, eins og tónlist  
– eins og forfeður hennar hafa gert í þúsund ár.

Holótti borgin, *Elefthería* heitir hún!  
Þótt örin þín eru í hennar augum ekkert nema grámyglublettir,  
á þeirri stundu þegar ljós og glampi  
leika á ásynd hennar einsog orð  
eða söngur á hún sér þann forna rétt  
að ganga hér á bryggjunni,  
að vera verkfæri og vörður ljóssins þíns,  
að safna því í djúpa augnabrunna,  
og – kæra frelsið! – hún sér rétt  
að stíga dans með þér.

Kvöldið sælt, þúsund ára gamla ljósið,  
mjúkradda söngvari, jafnfagur og þessi kona –

er annað hægt en að dást að fegurð sem þú færir  
bæði borginni og borgarbúunum –  
mót sem mótar allt sem þú snertir, allan heiminn?  
Ég er orðinn þræll þinn – eða kannski borgari.  
Mig langar til að drekka þig allt,  
að fylla hverja holu í skrokki mér  
af ljóma þínum – og af hennar frelsi!

---

Richard Berengarten

þýðandi / translation by Olga Markelova

---

**interLitQ.org**